



21. JÚNÍ 2021

HEIMSTADEN EHF. (ÚTGEFANDI)

og

A/F HEIM SLHF. (SJÓÐURINN)

og

ARCTICA FINANCE HF. (UMSJÓNARAÐILI)

VIÐAUKI VIÐ RAMMASAMNING

**Í TENGLUM VIÐ ENDURKAUP OG NIÐURFELLINGU SKULDABRÉFA Í
SKULDABRÉFAFLOKKUNUM HEIMA071225, HEIMA071248 OG
HEIMA100646, DAGS. 3. MAÍ 2021**

VIÐAUKI ÞESSI („viðaukinn“) er gerður þann 21. júní 2021 við rammasamning, dags. 3. maí 2021, („rammasamningurinn“) á milli eftirtalinna aðila:

- (1) **Heimstaden ehf.**, kt. 440315-1190, Lágmúla 6, 108 Reykjavík („**útgefandi**“);
- (2) **A/F HEIM slhf.**, kt. 490321-0120, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík („**sjóðurinn**“);
- (3) **Arctica Finance hf.**, kt. 540509-1820, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík („**umsjónaraðili**“).

Hér eftir kann að vera vísað til aðilanna sem getið er í (1) – (3) sameiginlega sem „**samningsaðila**“.

INNGANGUR:

- (A) *Samningsaðilar* gerðu *rammasamninginn* í tengslum við fyrirhuguð kaup *sjóðsins* á *upprunalegu skuldabréfunum* og sölu *upprunalegu skuldabréfanna* til *útgefanda*, eftir því sem nánar greinir í *rammasamningnum*.
- (B) *Tilboðið* var gert þann 3. maí 2021 og var tilboðsfrestur samkvæmt *tilboðinu* síðar framlengdur til 5. júlí 2021.
- (C) *Samningsaðilar* hafa nú ákveðið að gera þær breytingar á *rammasamningnum* sem kveðið er á um í *viðaukanum*.

SAMNINGSAÐILAR HAFA SAMIÐ UM eftirfarandi:

1. SKILGREININGAR

1.1 Skilgreiningar

Að því marki sem hugtök eru ekki sérstaklega skilgreind í *viðaukanum* og ef annað leiðir ekki skýrlega af samhenginu, hafa hugtök, sem aðgreind eru með skáletrun, sömu merkingu í *viðaukanum* og þeim er gefin í *rammasamningnum*.

2. BREYTINGAR Á TILBOÐINU OG TENGÐUM SKJÖLUM

2.1 Breytingar á tilboðinu

- (a) *Samningsaðilar* eru sammála um að gera þær breytingar á *tilboðinu* sem fram koma í drögum að viðauka við *tilboðið*, sbr. viðauki 1 („**viðaukinn við tilboðið**“).
- (b) Skal breytta *tilboðið* lagt fram með birtingu *viðaukans* við *tilboðið* í gegnum kerfi kauphallarinnar sama dag og *viðaukinn* er gerður.
- (c) Allar tilvísanir í *rammasamningnum* til *tilboðsins* skulu teljast tilvísanir til *tilboðsins* eins og því er breytt með *viðaukanum*.

2.2 Breytingar skjölum tengdum tilboðinu

- (a) *Samningsaðilar* eru sammála um að í stað þess að afhending gagna til undirbúnings fyrir *útgáfudag* þurfi að eiga sér stað a.m.k. 3 virkum dögum fyrr, sbr. gr. 3.1 í *rammasamningnum*, þá skuli slík afhending eiga sér stað eigi síðar en á *útgáfudaginn* sjálfan sem og greiðsla lántökugjalds samkvæmt *seljandalánunum*.
- (b) *Samningsaðilar* eru sammála um að gera breytingar á öðrum skjölum, sem voru viðaukar við *rammasamninginn*, þannig að þau skulu nú vera til samræmis við það sem fram kemur í viðaukum 2-15 og skulu tilvísanir í *rammasamningnum* til viðkomandi skjala teljast tilvísanir til þeirra skjala eins og þau koma fram í viðaukum við *viðaukann*.

2.3 Gildi rammasamningsins

Rammasamningurinn skal halda fullu gildi sínu og skal efni hans ekki teljast hafa breyst við gerð *viðaukans* nema að því marki sem sérstaklega er getið í *viðaukanum*.

3. **LÖG OG LÖGSAGA**

3.1 **Lög**

Íslensk lög gilda um *viðaukann*.

3.2 **Lögsaga**

Mál sem höfðuð eru vegna eða í tengslum við *viðaukann* skulu höfðuð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Viðaukinn tekur gildi á þeim degi sem tilgreindur er í upphafi *viðaukans*.

UNDIRSKRIFTARSÍÐA

Útgefandi
Heimstaden ehf.

Nafn:

Staða:

Undirskrift:

Sjóðurinn
A/F HEIM slhf.

Nafn:

Staða:

Undirskrift:

Umsjónaraðili
Arctica Finance hf.

Nafn:

Staða:

Undirskrift:

VIÐAUKI 1

DRÖG AÐ VIÐAUKA VIÐ TILBOÐSYFIRLIT ÁSAMT FYLGISKJÖLUM

VIÐAUKI 2

DRÖG AÐ HEIMSTADEN VEÐSAMNINGNUM VEGNA SELJANDALÁNS 1 OG SELJANDALÁNS 2

VIÐAUKI 3

DRÖG AÐ HEIMSTADEN VEÐSAMNINGNUM VEGNA SELJANDALÁNS 3

VIÐAUKI 4

FORM AÐ SAMNINGI VIÐ STAÐFESTINGARÁÐILA Í TENGLUM VIÐ SELJANDALÁN 1 OG SELJANDALÁN 2

VIÐAUKI 5

FORM AÐ SAMNINGI VIÐ STAÐFESTINGARAÐILA Í TENGLUM VIÐ SELJANDALÁN 3

VIÐAUKI 6

FORM AÐ SJÁLFSKULDARÁBYRGÐINNI

VIÐAUKI 7

FORM AÐ TRYGGINGARBRÉFI 1

VIÐAUKI 8

FORM AÐ TRYGGINGARBRÉFI 2

VIÐAUKI 9

FORM AÐ TRYGGINGARBRÉFI 3

VIÐAUKI 10

FORM AÐ TRYGGINGARBRÉFI 4

VIÐAUKI 11

FORM AÐ UMBOÐSSAMNINGI Í TENGLUM VIÐ SELJANDALÁN 1

VIÐAUKI 12

FORM AÐ UMBOÐSSAMNINGI Í TENGLUM VIÐ SELJANDALÁN 2

VIÐAUKI 13

VEÐHAFA- OG VEÐGÆSLUSAMNINGUR VEGNA SKULDABRÉFAFLOKKS A OG SKULDABRÉFAFLOKKS B

VIÐAUKI 14

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ VEDGÆSLUAÐILA VEGNA SKULDABRÉFAFLOKKS C

VIÐAUKI 15

VEÐSAMNINGUR VEGNA SELJANDALÁNS 1 OG SELJANDALÁNS 2